

10

Ólíkt síðsumarkvöldum á Íslandi þegar krakkar þvælast um hverfið langt fram eftir, jafnvel þó það sé skóli næsta dag, þá var eins og enginn byggi í götunni okkar eftir klukkan sjö á kvöldin. Um kvöldnatarleytið voru hlerar dregnir fyrir alla glugga og kæfandi kyrrðin lagðist yfir hverfið.

Ef miðað er við Íslendinga fara Þjóðverjar mjög snemma að sofa og vakna fyrir allar aldir. Heima á Íslandi voru systur mínar vanar að hoppa á trampólíninu til klukkan hálf tíu eða þar til fór að skuggja. En þegar mamma leyfði stelpunum að djöflast til klukkan hálf tíu létu úti kom nágranni okkar og það hana kurteislega um að kalla þær inn því börnin hans hefðu farið að sofa fyrir klukkutíma. Við urðum vægast sagt hissa, höfðum aldrei séð þessi börn og héldum að einungis eldri borgmennar byggju í götunni.

Þyggvi hafði fengið vænan flutningsstyrk hjá flugfélaginu sem hann vann hjá. Fyrstu dagarnir fóru því aðhlerga í að kaupa sitthvæð til heimilisins, nokkuð sem miðminni leiddist alls ekki. Ég hins vegar var að verða meðverk á stanslausum verslunarfærdum, enda lenti það á mér að hafa ofan af fyrir stelpunum svo mamma gæti valað með Þyggva um búðirnar. Mig grunaði að honum lífi eins og hundi í bandi og fann til með honum.

Mamma átti snilli í fangri með að finna skynþibita sem innihélt lverki sykurlé né hveiti, sérstaklega þegar við vorum á ferðinni. Það voru þá helst franskar kartöflur

Á meðan jafnaldrar mínir á Íslandi gátu sofð til hádegis eftir næturvökur með vinsælustu hljómsveitum landsins hjólaði ég um Móseldalinn eins og hvert annað gamalmenni. Mér sýndist önnur hver manneskja sem ég mætti vera á sama aldri og amma. Ef ég var ekki hjólandi fyrstu dagana í Þyskalandi þá starði ég út um herbergisgluggann og fylgdist með öldruðum nágrönnum mínum gera fínt í kringnum sig. Maðurinn á móti var sennilega um sjöttugt, tággerannur og hálfsköllóttur en vel á sig kominn. Á hverjum morgni á slaginu sjö fór hann út að skokka og settist svo á dyrappallinn, dró fram flísatöng og plokkaði noster-samlega skitinn undan skónum sínum. Í gærmorgun ryksugaði konan hans veggina utan á húsinu þeirra á meðan hann skóf upp mosa sem vaxið hafði milli ganga stéttarhelmannanna. Annar nágranni sópaði innkeyrsluna tvisvar á dag og konan skáhallt á móti strauk daglega af lauffliöðum stórrar pottaplöntu sem stóð á svölunnum hjá henni. Þegar ég mætti fólki á götu bauð það hátíðlegum góðan daginn og þar með lærði ég að segja: *Guten Tag!*

og þess vegna borðuðum við ótæpilega mikið af þeim. Þá tók mamma upp á því að smyrja nesi fyrir okkur hvert sem við fórum, yfirleitt rosalega gróft rúgbrauð með spægipylsu og osti. Það var hægt að venjast því. Nokkra fyrirlestira fékk ég frá mömmu um það hversu baneitrað hveiti og sykurlaxur væri og helstu rök hennar voru þau að ef hún byði upp á þetta bæri hún ábyrgð á heilsuleysi mínu í framtíðinni. Það að gefa börnum sykurlaxur og hveiti væri engu betra en að reykja ofan í börn eins og liðist hefði í hennar ungdæmi. Ég lét mig hafa það að borða hvorki brauð né sykurlaxur heima en bætti mér það upp utan heimilis. Við aðalgötuna var nefnilega ítalskur pitsustaður þar sem ég hafði trisvar sinnum keypt mér en órtúlega djúsi pitsu með osti og pepperóni. Síðan hjólaði ég með hana yfir í almenningsgarðinn, skutlaði grænu lopapeysunni á jörðina, kom mér vel fyrir og naut hvers einasta bita í friði og ró, gjörsamlega í mínum eigin heimi, á minni litlu lopapeysueyju. Ég var alltaf svöng, enda hjólaði ég úti um allt ef ég var ekki þrannandi um í búðum eða réttara sagt hlaupandi á eftir stelpunum.

Það er virkilega fallegt í Þýskalandi og kannski sérstaklega þar sem við hjuggum. Móseláin rennur í mörgum essum um dalinn og allt um kring er fallegur gróður. Frá okkur voru aðeins tíu kílómetrar til Trier sem er þokkalega stór borg með skemmtilegum og flottum miðbæ. Ég hjólaði þangað og virði mannlífið fyrir mér á meðan ég hámaði í mig Magnum-ísþinna með þykku

súkkulaðihjúpi og karamellufyllingu. Það var gaman að þæla í hvernig ungt fólk klæddi sig og mér sýndist það fylgja nokkurn veginn sömu tísku og heima en vera samt svolítið meira ögrandi.

Það var svo nett að geta gengið um á sturtbuxum og hlýraból en það var jafn fátánlegt að vera ein og utanveltu á ókunnnum stað, skilja ekki tungumálið og heilsa engum á götu nema rosknun nágrönnum. Heima hefði ég verið búin að heilsa fjölda fólks en hér, innan um múg og margmenn, var mjög auðvelt að finna fyrir undarlegum einmana-leika. Líklega leið mörgum þannig í skólannum mínum heima á Íslandi án þess að ég vissi af því. Æ, já, heilvítis skóli! Ég reyndi að gleyma því að eftir aðeins tíu klaga áti ég að byrja í þýskum skóla, mállaus og vinalaus. Það var ekki enn komið á hreint hvaða skóla ég færi í en til stóð að heimsækja tvo sem kæmu til greina.

Venjulega kemur það mér í verulega slæmt skap að hugsa um skóla, ég fæ hnút í magann og um mig fer hvollur. Bestu skóladagarir voru þeir föstudagar þegar við fórum í verkfall og fylkrum höi niður á Austurvöll og hvorttíu stjórnmöld til að taka sig á í umhverfismálum.

Við pabbi eruum einlægir aðdáendur Gretu Thunberg og ég dýrka hversu hugrökkt hún er og mikill baráttujaxl. Hún áttíu mettu bæði mamma og pabbi í foreldravíðtalningu. Margt er umsjónarkennara. Ég var búin að kvíða því að mamma færi ein og aftur að ræða hvað væri hægt að gera til að ég tengdi betur við stærðfræðina og aðrar fræðingur en sem betur fór snerist allur fundurinn um hvernig ég tók í þágu umhverfisins og hvort það væri

réttlætnelegt eða ekki. Pabbi var vanur að sitja þöggull á þessum fundum eins og sakborningur eða í besta falli sem áheyrnarfulltrúi en þegar umræðan snérist um loftslagsmál, mengun og aðgerðaleyfi stjórvalda fór hann á flug. Magna, sem var vön því að mamma talaði fyrir þau bæði, varð eiginlega alveg orðlaus og horfði hissa á pabba tala og tala þar til hún sagði hálfingluð í lok viðtalsins.

— Ja hérra, ekki vissi ég allt þetta. Umnsteinn, værir þú kannski til í að koma einhverjum tíma og fræða krakkana um einmitt það sem við höfum verið að ræða hér?

Þegar við komum út af fundinum vatt mamma sér snúðug að pabba og spurði hvort honum fyndist virkilega í lagi að halda einræðu um umhverfismál í viðtali sem ætti að snúast um þroska og framtíð dóttur hans.

— Djöfulsins sjálfselfska í þér maður, allaf hreint!

— Ekki veit ég betri leið til að ræða um framtíð dóttur minnar en að tala um umhverfismál, svaraði hann ákveðinn. — Enn eitt samtalið um stærðfræðikennslu mun litlu breyta um líðan og velferð Hrafnhildar eða jarðarinnar sem framtíð hennar byggist á. Að gera sér ekki grein fyrir alvöru málsins ber voitt um vanþroska.

Hann horfði um stund á mömmu og strunsaði svo ríjóður í vöngum út úr skólanum.

— Ég um mig frá mér til mín og ekki í fyrsta skipið, sagði mamma örg.

Ég kysssti mömmu bless og hljóp svo á eftir pabba.

Þetta varð til þess að pabbi kom í samfélagsfræðitíma til okkar og sagði okkur frá Parísarsáttnálanum. Í kjölfarið stofnuðum við umhverfisstélag Réttarholsskóla. Ég samþykkti að vera með í stjórn félagsins. Magna kennari var þá greinilega orðin mjög hrifin af öllu sem pabbi hafði að segja og stakki upp á því að ég yrði formaður. Þótt margir í bekknum hvettu mig til þess skoradist ég samt undan, mér fannst ég þurfa að vita meira og vera með allt á hreinu. Þegar Bjartur, formaður nemandaráðsins, bauðst til þess að taka líka formenskuna í félaginu að sér varð ég satt að segja dauðfegin. Við þröðum svo sem ekki mikið en við skipulögðum mótmælin á Austurvelli í skólanum okkar og hvöttum fólk til að draga úr notkun plasts. Við hengdum líka upp plaköt á göngunum þar sem nemandur voru hvattir til umhugsunar um náttúruna og hlýnun jarðar. Ég skal viðurkenna að mér fannst mjög gaman að standa í þessum, koma með tillögur og fylgjja þeim eftir, sérstaklega þegar við héldum skipulífamarkað. Ég var afar stolt af þessum þótt ég svaraði hrósi krakkanna með því að segja: Já, já, karlinn er ekki svo vitlaus. Þegar ég hugsa út í þessu er eins og pabbi láti miklu meira til sín taka eftir að hann mamma skildu og hann er örugglega miklu minna á þessum á hvað mömmu eða öðrum finnist um hann, áhvönnu hans og gjörðir.

Ég þann áfram á hjólinu og leyfði alls konar hugsunum og minningum að þryllast upp. Lindu hafði ég ekki heyrt um á þessum á þinnu íslagskvöld og fann nú hversu mikið ég

saknaði hennar. Ég hafði heyrð í nokkrum öðrum vin-konum en það var öðruvísi, þau samtöl voru yfirleitt stutt og yfirborðskennð. Við Linda höfðum alltaf getað spjallað saman, næstum endalaust. Við skildum hvor aðra án orða og gátum hlegið okkur máttlausar að hálf-sögðum setningum sem engin nauðsyn var að klára.

Mig langaði ekki strax heim og ákvað að taka á mig krók. Ég þaut eftir þröngum hjólastögum á fullri ferð og rétt á meðan átti ég heiminn og gat allt. Það var farið að skyggja þegar ég nálgadist hverfið mitt og ég kveið fyrir því að koma heim og vera spurð spjörnum úr. Hvert fórstu, hittir þú einhvern, borðaðir þú eitthvað? Eða eins og mamma spurði einn daginn: Sástu eitthvað nýtt? — Hvað meinarðu eiginlega? spurði ég á móti. — Já, ég sá nýja bíla, alveg glænýt fólk, sko nýfædd börn meira að segja og lka nýtt hús í byggingu.

Og bætti við:

— Sást þú eitthvað nýtt í búðunum í dag?

— Ég held svei mér þá, góða, að þú nærst á útúr-snúningnum, sagði mamma mæðulega.

— Ég er bara að svara, má það ekki? sagði ég og lokaði að mér inni í herbergi til hanga í símannum.

Helst hefði ég viljað tala við Lindu en það var ekki í boði.

Þetta með útúr-snúningana er reyndar satt hjá mömmu, ég ræð bara ekki við mig. Stundum vorkenni ég mömmu fyrir að eiga mig og þurfa að umgangast mig, því vissulega

reyrir hún yfirleitt sitt besta og leggur sig fram við að tala blöðlega til mín. Sérstaklega upp á síðkastið. Mig langar oft til að taka utan um hana og eiga hana ein eitt augnablik, upplifa aftur andartökin sem við áttum svo oft áður en tvíburarnir fæddust. Andartök sem föðmuðu okkur óvænt að sér. En ég hika yfirleitt of lengi, horfi á þessi andartök, sé þau fyrir mér og segi svo bara eitthvað ómerkilegt. Stundum segi ég viljandi eitthvað særandi sem í raun þýðir ekki annað en: Vertu bara góð við mig þótt ég sé leiðinleg, mér þykir alveg emþá vænt um þig.

Þreytan heitók læri og leggi þegar ég átti aðeins brekkuna eftir. Ég ákvað að stíga af hjólinu og leiða það upp þrattann. Það var órstutt eftir heim og ég settist á steyptan kant, tók upp úr rassvasanum afganginn af saman-klustruðum súkkulaðikaramellum og stakk allri kless-inni upp í mig. Mér leið þínulítið skömmustulega, mér laust ég vera að stelast til að úða í mig citri áður en ég stígaði inn á heimili mitt, friðlýst bannsvæði sykurs og hvetis. Á meðan ég smjattaði á sykurléðjunni streymdi um mig velljóðan og ég óskaði þess að geta setið þarna og hveðið í mig sykur að eilífu. Þegar ég ætlaði að standa upp, hvarði ég skringilegt hljóð fyrir aftan mig og stökk á þessum. Á móti mér komu rúllandi appelsínur. Ég vissi ekki hvaðan á mig stóð veðrið, ég hefði frekar búist við föðningnum af himnum ofan en rúllandi ávöxtum á höndum þínum að síður brást ég hratt við. Áður en ég gat af var ég fyrir að stoppa ávextina með höndum og hvarði um mig og markvörður í handbolta. Svo tíndi ég þær

upp og skutlaði þeim ofan á lopapeysuna sem lá eins og venjulega í körfunni framan á hjólinu. Eftir þremur síðustu þurfti ég að hlaupa út á götu.

Þegar ég leit upp sá ég að dökkgrænn taupoki hafði dottið út um opnar framdyr á litlum bíl sem hafði verið lagt í innkeyrslunni. Ég stóð svolíla stund og vissi ekki í hvorn fótinn ég ætti að stíga. Mest langaði mig til að hjóla heim, láta mig einfaldlega hverfa, en grunaði að einhver hefði séð til mín. Hvað ef einhver elti mig heim, bankaði á hurðina og tilkynnti mömmu að líklega hefði dóttir hennar stolið tíu appelsínunum úr innkeyrslu ná-grannans? Það yrði erfitt að útskýra. Annar möguleiki væri að bíða eftir að einhver kæmi út til að ná í pokann en átti ég þá bara að standa þarna og segja: Hei, þú þarna, ég er með nokkrar appelsínur sem ég reikna með að þú eigir, viltu kannski fá þær eða? Þær komu sko rúllandi niður innkeyrsluna hjá þér og héna ... ég tindi þær upp og skutlaði þeim bara ofan á lopapeysuna mína og já... ég kem þá bara nær á hjólinu eða já... Ég hugsaði mig um í smástund og komst að því að það gengi ekki heldur svo ég hagræddi appelsínunum á peysunni þannig að þær lægju saman í hrúgu á móbrúna og blágræna mynsturbekknunum. Peysuna tók ég gætilega upp og gekk hikandi, já, eiginlega læddist ég að dyrnum hússins sem stóðu galopnar. Með olhoganum náði ég að ýta á bjölluna sem gaf frá sér óþarflega hátt og skerandi hljóð. Svo tók ég mér stöðu og leið eins og þegar ég stóð á sviði Háskólabíós í borgaralegu fermingunni, graflýtt, teinrétt en eitthvað svo óskaplega áberandi vandráðaleg.

Innan við dyrnar heyrðist fótatak, ég fann hjartað hamast í brjósti mér, vissi ekki hvað ég ætlaði að segja, hvert ég ætti að horfa eða hvað ég væri eiginlega að gera með því að standa þarna eins og þvara. Af hverju fór ég ekki bara heim og leyfði þessum blessuðu appelsínunum að krennast undir næsta bíl?

— Mein Gott, mein Gott, var það eina sem ég skildi af því sem konan sagði þegar hún kom til dyra.

Hún starði á mig drykklanga stund, rétt eins og hún hefði orðið fyrir vitanum. Ég leit undan en skáskaut svo augunum hikandi til hennar.

— Sorry, I don't understand German, náði ég rétt svo að segja áður en hún rauk aftur inn.

Síðan birtist hún aftur með stóra myndavél og talaði nú á ensku.

— Má ég ekki taka nokkrar myndir af þér? sagði hún þrekar en spurði og brosti afskaplega hlýlega til mín.

Aður en ég náði að hugsa var ég búin að segja já og þá hóf hún umsvifalaust að smella af í gríð og erg og ónduertók í sífellu:

— Toll, ganz toll, sehr schön.

Ég hafði ekki hugmynd um hvert ég ætti að líta og horfti því ymist niður á appelsínurnar eða skáskaut myndunum í átt að myndavélinni. Svo hættu smellirnir, konan lét myndavélina síga og sagði:

— Þú hlýtur að vera írsk.

— Nei, talensk.

Þá tók hún andköf, sleppti takinu af myndavélinni og sneri henni um hálsinn á henni og greip um höfuð sér.

— Ertu að meina það! Ég er búin að vera á leiðinni þangað í mörg ár. Komdu inn! Þér vil ég kynnast, skelltu appelsínunum bara á eldhúsborðið. Ups! sagði hún svo, — ég er aftur að gleyma mér, ég ætlaði að baka brauð.

Sjálfri mér til furðu gekk ég inn á eftir henni. Kannski var það tilhugsunin um nýbakað brauð sem fékk mig til að eita hana eða kannski var það fjálsleg og afslöppuð lífrankoma þessarar brúneygðu konu. Í augum hennar sýnglaðist lífsgleði sem ég smíaðist strax af, auk þess senn mig langaði einfaldlega til að tala við einhvern sem myndi mér áhuga. Á meðan appelsínurnar rúlluðu eftir hlágrænu eldhúsborðinu horfði ég með aðdáun á konuna minnga stórum deighleif inn í ofn.

— Þú fyrirgefur framhleyrnina áðan, sagði konan um hana og hún tók af sér ofnhanskann. — Ég er sko ljósmyndari, bara stóðst ekki mátið.

Hún rétti úr sér, lagði sterklegar hendur á mjáðmir og horfði á mig.

— Hvaðan í ósköpunum fékkstu þetta dásamlega hárfing þessi fallrygn, grænu augu? Svo starði hún rannsakandi á mig. — Það hlýtur hreinlega að renna í þér í baki hlöð.

— Þú þarhva, sagði ég og brosti ósjálffrátt út að eyrum.